

steinukröfunnar né borið fyrir sig ákvæði annars málsliðar 65. gr. laga nr. 80/1938 þykir verða að taka kröfu stefnanda til greina að fullu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Dómsorð:

Synjun stefnda, Síldarverksmiðju ríkisins á Skagaströnd, um að taka Kjartan Sveinsson í vinnu við Síldarverksmiðjuna sumarið 1948, var brot á 1. gr. framangreinds kjarasamnings frá 1. september 1947, sem framlengdur var með samkomulagi dags. 6. júní 1948.

Stefndi greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Skagastrandar vegna Db. Kjartans Sveinssonar, kr. 3204.00 og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 10. janúar 1950.

Nr. 1/1950.

Vinnuveitendasamband Íslands f. h.

H/f Shell á Íslandi (Björgvin Sigurðsson hdl.).
gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h.

Verkamannafélagsins Dagsbrúnar

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Frávísunarkröfu hrundið.

Úrskurður.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 7. þ. m., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. H/f Shell á Íslandi gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Eru dómkröfur stefnanda þær, að vinnustöðvun sú, sem Alþýðusamband Íslands fyrirskipaði verkamanna-

félaginu Dagsbrún og verkamannafélagið Dagsbrún hóf hjá Ólíuverzlun Íslands h/f og Shell á Íslandi h/f hinn 4. jan. s.l., sé brot á II. kafla laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80 frá 11. júní 1938; að dæmt verði að Alþýðusamband Íslands beri, vegna verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík, skaðabótaábyrgð á öllu því tjóni, sem greind vinnustöðvun hefur haft eða hafa kann í för með sér fyrir hann; að Alþýðusamband Íslands verði vegna verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík dæmt í þá þyngstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80 frá 11. júní 1938; og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kostnað sakarinnar að skaðlausu.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda, hvort heldur málinu yrði vísað frá dómi eða sýknukrafan tekinn til greina.

Munnlegur málflutningur hefur farið fram um frávisunarkröfuna og hefur stefnandi aðallega krafizt þess, að henni verði algerlega hrundið, en til vara, að málinu verði frestað þar til fram hefur farið sáttaumleitun samkvæmt 23. gr. í kjarasamningi milli aðilja máls þessa, sem dagsettur er 20. júní s.l.

Málavextir eru þeir, að hinn 1. jan. s.l. hóf Flugvirkjafélag Íslands verkfall hjá Flugfélagi Íslands h/f og Loftleiðum h/f. H/f Shell á Íslandi, stefnandi máls þessa, og Ólíuverzlun Íslands h/f selja nefndum flugfélögum benzín og olíur og hefur h/f Shell á Íslandi samkvæmt sérstökum samningi á hendi alla afhendingu á benzíni til flugfélaganna beggja frá stöð sinni við Skerjafjörð. Hinn 3. þ. m. tilkynnti verkamannafélagið Dagsbrún H/f Shell á Íslandi, að það hefði ákveðið að stöðva alla afgreiðslu á benzíni á flugvélar Flugfélags Íslands h/f og Loftleiða h/f, þar til samningar hefðu tekizt í kjara-deilu Flugvirkjafélags Íslands við nefnd flugfélög, og þann 4. s. m. tilkynnti forráðamaður Dagsbrúnar bréflaga manni þeim, sem hafði á hendi afgreiðslu benzínsins frá stöð H/f Shell, en hann er félagsmaður í Dagsbrún, að honum og öðrum félagsmönnum í Dagsbrún, sem störfuðu hjá olíufélögum-

um, væri óheimilt að vinna að afgreiðslu á benzíni til framangreindra flugfélaga. Stefnandi mótmælti þegar í stað nefndu afgreiðslubanni sem lögleysu, og er mótmæli hans báru ekki árangur höfðaði hann mál þetta og gerði í því framangreindar dómkröfur.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína á því, að samkvæmt 23. gr. í gildandi kjarasamningi málsaðilja frá 20. júní 1949, sé svo um samið:

„Rísi ágreiningur milli samningsaðilja skal sá aðili, er telur sig órétti beittan, bera fram kvörtun við stjórn hins aðiljans. Skulu þeir rannsaka ágreiningsatriðin og ráða þeim til lykta, ef unnt er. Hafi stjórnir beggja aðilja eigi komið sér saman um endanlega lausn ágreiningsins innan tveggja sólarhringa frá því kvörtunin var sett fram, ber þegar að skjóta málinu til sáttanefndar, er sé þannig skipuð, að hvor aðili tilnefni einn mann og annan til vara, en borgardómarinn í Reykjavík þann þriðja, og skulu þessir menn þá reyna að jafna deiluatríðin. Skal nefndin hafa lokið störfum innan tveggja sólarhringa frá því að þriðji maður var skipaður.“

Telur stefndi, að samkvæmt þessu ákvæði hafi borið að fara með þann ágreining, sem um sé að ræða í máli þessu, á þann hátt, sem mælt sé fyrir um í nefndri grein, áður en mál verði höfðað út af honum, og þar sem þetta hafi ekki verið gert, beri að vísa málinu frá dómi.

Stefnandi hefur mótmælt því, að framangreint samningsákvæði komi til álita um það atriði, sem um sé deilt í þessu máli, þ. e. hvort afgreiðslubann Dagsbrúnar hafi verið löglegt eða ekki. Telur hann, að 23. gr. nefnds samnings eigi aðeins við um ágreiningsatriði, sem varða gildi eða framkvæmd samningsins, en geti ekki átt við þegar svo standi á sem hér, að deilt sé um atriði, sem ekki snerti ákvæði sjálfs samningsins. Til vara hefur hann krafizt þess, að fá frest til þess að fullnægja ákvæðum 23. gr. samningsins, ef talið yrði, að átt hefði að beita þeim um þá deilu, sem hér er um að ræða.

Enda þótt ákvæði framangreindrar 23. gr. samningsins frá 20. júní f. á. séu all viðtæk og ekki sérstaklega tekið fram, að þar sé aðeins átt við ágreining út af samningi þeim, sem greinin er hluti af, verður dómurinn að telja, að eðlilegast sé

að skýra hana svo, að ákvæði hennar eigi einungis við um þann ágreining í skiptum sammingsaðilja, sem á rót sína að rekja til sammingsins sjálfs, svo sem ágreinings um gildi hans eða rramkvæmd. Og þar sem ekki sést, að það deiluatríði, sem mál þetta fjallar um, sé á nokkurn hátt risið út af ákvæðum nefnds sammings, verður frávísunarkrafa stefnda þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

Kveðið verður á um málskostnað vegna frávísunarkröfu stefnda í sambandi við meðferð málsins í heild.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina.

Þriðjudaginn 10. janúar 1950.

Nr. 2/1950.

Vinnuveitendasamband Íslands f. h.

Olíuverzlunar Íslands h/f

(Björgvin Sigurðsson hdl.).

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h.

Verkamannafélagsins Dagsbrúnar

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Frávísunarkröfu hrundið.

Úrskurður.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 7. þ. m., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Olíuverzlunar Íslands h/f gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Eru dómkröfur stefnanda þær, að vinnustöðvun sú, sem Alþýðusamband Íslands fyrirskipaði verkamannafélaginu Dagsbrún og verkamannafélagið Dagsbrún hóf hjá Olíuverzlun Íslands h/f og H/f Shell á Íslandi hinn 4. jan. s.l., sé brot á II. kafla laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80 frá 11. júní 1938; að dæmt verði, að Alþýðusamband Íslands beri vegna verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík skaðabótaábyrgð á öllu því tjóni, sem greind vinnustöðvun